



Selfossi, 29. febrúar 2012

1202001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1218
komudagur 29.2.2012

Efni: Umsögn SASS um 4 og 12 ára fjarskiptaáætlanir

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja hér með fram eftirfarandi umsögn um þingsályktunartillögur um fjarskiptaáætlanir, 342. og 343. mál:

„Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða gagnaflutningskerfi. Því leggja samtökin til að í fjarskiptaáætlun verði skýr ákvæði um að þeim fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði verði gert skylt að tryggja fullnægjandi gæði á þeim svæðum þar sem þau bjóða þjónustu sína. Sjái þau sér það ekki fært láti Fjarskiptastofnun fara fram útboð á þessum svæðum. Þá leggja samtökin á sama hátt áherslu á að farsímasamband verði tryggt um allt land og þeim fyrirtækjum sem starfa á þeim markaði verði skylt að tryggja slíkt samband.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri